

TÁKN TÍMANNA

Nýkomin er út bók eftir L. I. Reichenau, sem heitir Neuland, Umrisse eines Weltbildes. Virðist mér dálítið eftirtektarvert, að bók, sem setur sér nokkuð líkt takmark og Nýall, skuli vera kölluð Nýland. Annað þykir mér þó ennþá betra. Eitt af helstu blöðum í Vínarborg, Neues Wiener Tageblatt, flytur á afmælisdaginn minn, grein eftir náttúrufræðinginn Emil Macheck, um eðli og uppruna lífsins (Leben und Urzeugung). Macheck er í þessari gáfulegu grein, nær mínum kenningum í líffræði, en nokkuð, sem ég hefi áður séð. Hann talar um lífið sem hleðslu, er komi fram, hvar sem er svo fyrirbúið, að tekið geti orðið við hleðslunni. Hann stingur upp á nota orðið Lebensfeld, og er það í áttina að vitales Kraftfeld (lífaflvæði) hjá mér, eins og annað orðtæki, sem hann leggur til að notað verði, physiologische Induktion, minnir mig á orðið Bioionduktion (lífstarfsíleiðsla) í mínum ritgerðum.

Annað eins og þetta bendir á, að menn eru að nálgast þann skilning, að hinn lifandi líkami er hlaðinn af orku nokkurri, sem hagar sér líkt og rafmagn. Og skilningur á þessu, mun hafa margvíslegar afleiðingar og hinar stórkostlegustu. Þegar menn vita þetta, þá verður framhald lífsins eftir dauðann, ekki efasamt lengur, eða dularfullt. Og eins verður í augum uppi, að framhaldslífið er ekki einhversstaðar úti í hinum helkalda, auða geimi, heldur á einhverri jarðstjörnu. Það er ekki of sagt, að skilningur á lífinu eftir dauðann byrjar ekki fyrr en menn vita þetta. Og um nokkurn skilning á tilgangi heimsins, getur heldur ekki verið að ræða fyr. Rannsókn á bókmenntum spíritista sýnir líka mjög greinilega, að framliðnir hafa gert sér mikið far um að reyna

að koma fram, með tilstyrk miðla, þeirri vitneskju, að það sé á öðrum jarðstjörnum, sem þeir eiga heima, þó að ekki hafi tekist að fá menn til að átta sig á þessu, og koma þeim þannig á framfaraleið. En sjálft það, hve mjög þetta hefir verið reynt, sýnir á tiltakanlega merkilegan hátt, að upplýsingarnar um andaheim, stafa ekki eingöngu frá undirvitund miðlanna sjálfra, eða áhrifum fundarmanna á þá, eins og sumir hafa viljað halda fram.

30. apríl '25.